

Menntamálanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

21. desember 2001.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hafa borist tvö erindi frá nefndinni til umsagnar. Annars vegar frumvarp til útvarpslaga, 138. mál, stofnun hlutafélags um rekstur Ríkisútvarpsins o.fl., hins vegar tillaga til þingsályktunar um rekstur Ríkisútvarpsins, 7.mál.


Samstarf Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands er bundið í lögum nr.36/1982, gr.3. Þar er framlag Ríkisútvarpsins til rekstrar hljómsveitarinnar ákveðið og jafnframt kveðið á um að gerður skuli samstarfssamningur þeirra á milli. Við viljum nota tækifærið og taka fram að samstarfið milli útvarpsins og hljómsveitarinnar hefur alltaf verið með ágætum.

Hvorugt þeirra erinda sem nefndin sendir okkur snertir þessa þætti og má því segja að erindin séu um efni sem ekki er í verkahring stjórnar Sinfóníuhljómsveitar Íslands að fjalla um.

Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands vill þó taka fram að komi fram hugmyndir um að Ríkisútvarpið hætti þátttöku í rekstri hljómsveitarinnar þá sé jafnframt gætt að því að sambærileg rekstrarframlög komi með öðrum hætti, þannig að rekstri hljómsveitarinnar verði ekki stefnt í voða.

Virðingarfyllt

F.h stjórnar Sinfóníuhljómsveitar Íslands

  
Þröstur Ólafsson, framkv.stj.